



Fundargerð 10. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom, þriðjudaginn 9. maí kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH).

Mættir varamenn: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Kolbrún Vignisdóttir (KV).

Fjarverandi: Halldór Jóhannsson (HJ) aðalmaður og Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Skipanir í ráð sambandsins

Einn aðila þarf að skipa í regluráð þar sem tími TMP er liðinn. Samþykkt að tillögu formanns að skipa Baldvin Hansson í ráðið til þriggja ára.

Skipanir í keppnisráð hinna ýmsu greina hafa borist frá flestum aðildarfélögum var farið yfir þær.

Var ákveðið að skipa eftirtalda aðila fyrir hönd AKÍS í keppnisráð:

- Torfæra - Sigurður Ingi Sigurðsson,
- Spyrna - Halldór Hauksson,
- Rallycross - Gunnar Bjarnason,
- Hringakstur - Baldvin Hansson,
- Drift - Halldór Jóhannsson.

AS mun gera drög að skjali með helstu áhersluatriðum fyrir fulltrúa stjórnar í keppnisráðum og deila með stjórn fyrir næsta fund.

2. Námskeið

TMP upplýsir að auglýsing fari í loftið í kvöld fyrir námskeið dómnefndarmanna og keppnisstjóra á vegum AKÍS.

Erindi var sent til allra aðildarféлага með tölvupósti þar sem vakin var athygli á námskeiðum fyrir dómnefndarfólk og keppnisstjóra hjá FIA. Engin viðbrögð hafa enn borist en möguleiki er til 24. maí að skrá þátttakendur á námskeiðið fyrir keppnisstjóra.

3. Viðbragðsáætlun AKÍS vegna atvika og áfalla

Kynnt var skjal með tillögum vinnuhópsins. Farið var yfir þær tillögur, þær ræddar og mótaðar.

Ákveðið var AKÍS muni framvegi byggja á viðbragðsáætlun Samskiptaráðgjafa og að gefið væri út á heimasíðu sambandsins leiðbeinandi skjal sem sýnir helstu atriði.

Einnig var ákveðið að skrá um öll mál sem upp koma og varða AKÍS verði skráð í sérstaka trúnaðarbók. Jafnframt að meðlimir í stjórn sambandsins skrifi undir þagnareid varðandi allt sem fært verður í trúnaðarbókina.



4. Starfsmaður

Rætt var um málefni fyrrverandi framkvæmdastjóra sambandsins. Ákveðið að TMP geri drög að bréfi til viðkomandi í samræmi við umræður á fundinum.

5. Hækkun gjalds fyrir keppnisskírteini

Fjárhagsáætlun sem lögð var fyrir síðasta ársþing gerði ráð fyrir að gjald fyrir keppnisskírteini yrði hækkað miðað við síðasta ár, fari úr 1.000 kr. í 2.000 kr. og var ekki gerð breyting á þeim lið í meðförum þingsins. Þessarar hækkunar er þó ekki getið sérstaklega í þinggerðinni. Samþykkt með meirihluta atkvæða að staðfesta þessa hækkun.

6. Fyrirspurn varðandi rallycross brautir

Stjórnin hefur fengið skriflega fyrirspurn frá Gunnari Bjarnasyni varðandi hvort settar hafi verið reglur um rallycross brautir eða úttektir á þeim.

Málið rætt og farið yfir hvað liggur fyrir af reglum á þessu sviði.

Ákveðið var að vísa því til keppnisráðsins í rallycross að koma fram sem fyrst með fullnægjandi reglur um rallycrossbrautir, og jafnframt að AKÍS verði hið fyrsta komið með skýrt ferli varðandi úttektir og samþykktir á brautum.

7. Skrif á samfélagsmiðlum

All margar ábendingar hafa borist vegna skrifa formanns BA í opna hópnum "Torfæruáhugamenn" á Facebook, í framhaldi af keppni á Hellu um liðna helgi, og á það verið bent að þau stangist á við [Síðareglur AKÍS um samfélagsmiðla](#) og e.t.v. aðrar reglur.

Var málið rætt frá ýmsum hliðum og kom fram tillaga um að stjórn skipi dómnefnd, í samræmi við 16. grein laga sambandsins, til að fara yfir málið og úrskurða.

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum gegn einu.

TMP var falið að setja saman dómnefnd og gefa út skipunarbréf fyrir hana.

8. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir.

Fleira ekki gert.

Næsti fundur verður haldinn á Zoom, þriðjudaginn 16. maí kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 22.06